





Kröftugur hagvöxtur á öðrum fjórðungi

Samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofu Íslands jókst landsframleiðslan um 7,3% á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta er fyrsti vöxtur hagkerfisins eftir að faraldurinn hófst og skýrt merki þess að hagkerfið sé á leið út úr kreppunni. Hagvöxtur á fyrri árshelmingi nam 3,5%, alfarið borinn af vextinum á öðrum ársfjórðungi þar sem hagvöxtur var neikvæður um 0,2% á fyrsta fjórðungi. Spá okkar fyrir hagvöxt yfir árið í heild, sem við birtum í maí, gerir ráð fyrir 4,9% hagvexti á þessu ári. Sú spá gerði ráð fyrir að hagvöxtur á seinni árshelmingi yrði töluvert meiri en á þeim fyrri, eftir því sem komum erlendra ferðamanna fjölgar.

Vöxturinn á öðrum fjórðungi var mjög kröftugur fyrir flesta undirliði þjóðhagsreikninga. Það skýrist að umtalsverðu leyti af grunnáhrifum vegna mikils samdráttar á öðrum fjórðungi í fyrra. Þrír meginþættir stóðu á bak við hagvöxt annars fjórðungs. Veigamest voru áhrif útflutnings en framlag hans til hagvaxtar var jákvætt um 9,1%. Framlag fjármunamyndunar var 5,6% og framlag einkaneyslu var 4,5%. Það sem vó hins vegar á móti auknum hagvexti var mikill vöxtur í innflutningi en framlag hans til hagvaxtar var neikvætt um 11,3%.

Einkaneysla tók vel við sér á öðrum ársfjórðungi

Einkaneysla jókst um 8,5% á öðrum fjórðungi og er þetta mesti vöxtur hennar síðan á þriðja fjórðungi 2017. Til samanburðar mældist 1% vöxtur á fyrsta ársfjórðungi en áhrifa faraldursins gætti ekki svo mikið á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Þegar horft er til greiðslukortaveltu var vöxtur einkaneyslu miskraftmikill á fjórðungnum. Þannig var vöxturinn langmestur í apríl, eða tæplega 25%. Síðan dró nokkuð úr vextinum í maí, þegar hann var 13,6%. Áfram dró úr vextinum í síðasta mánuði fjórðungsins, þegar hann nam 8,4%, sem er samt sem áður nokkuð kröftug niðurstaða. Eftir því sem leið á fjórðunginn urðu áhrif erlendar kortaveltu á heildarkortaveltu meiri. Það er í samræmi við auknar utanlandsferðir landans á þessum árstíma. Erlend kortavelta jókst mikið á öðrum fjórðungi eftir stöðugan samdrátt síðan í febrúar á síðasta ári. Aukningin milli apríl og júní lá á bilinu 59-66% borið saman við sama tímabil í fyrra. Þessa





aukningu má eflaust að mestu rekja til aukinna utanlandsferða þó að aukin neysla landans í gegnum netverslun vegi eitthvað þarna. Vöxtur kortaveltu innanlands fór úr því að vera 21% í apríl niður í 3,2% í júní en sú þróun skýrist fyrst og fremst af mismunandi samgöngutakmörkunum milli ára.


Mikil aukning atvinnuvegafjárfestingar

Fjármunamyndun í hagkerfinu jókst um 25,9% milli ára. Vöxturinn var nær einungis borinn af miklum vexti í atvinnuvegafjárfestingu en framlag hennar var jákvætt um 24,1%. Atvinnuvegafjárfesting jókst um tæp 42% milli ára sem skýrist að mestu leyti af fjárfestingu í skipum og flugvélum. Framlag fjárfestingar í skipum og flugvélum til atvinnuvegafjárfestingar var 26,5%. Framlag almennrar atvinnuvegafjárfestingar var þó einnig töluvert, eða 13,7%, en hún jókst um 17,5% milli ára. Framlag stóriðjufjárfestingar var lítið, eða 1,6%, og jókst hún um 14,2% milli ára. Sé aftur lítið til heildarfjárfestingar í hagkerfinu kom einnig til jákvætt framlag opinberrar fjárfestingar, sem nam 2,4%, en opinber fjárfesting jókst um 15,1%. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 2,9% og er þetta annar fjórðungurinn í röð sem hún dregst saman. Framlag íbúðarfjárfestingar til heildarfjárfestingar í hagkerfinu var neikvætt um 0,7%.

Mikill vöxtur útflutnings skýrist af miklum samdrætti í fyrra


Vöxtur útflutnings á vöru og þjónustu nam 27,9% milli ára en hann skýrist að miklu leyti af miklum samdrætti í útflutningi á öðrum fjórðungi á síðasta ári vegna faraldursins. Aukningin að þessu sinni var að bróðurparti borinn af vexti þjónustuútflutnings. Framlag þjónustuútflutnings til heildarútflutnings var 16,2% en framlag vöruútflutnings var 11,6%. Þjónustuútflutningur jókst um 55,2% og má rekja þá aukningu að miklu leyti til aukins útflutnings ferðaþjónustu en ferðamönnum fjölgaði töluvert á öðrum fjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Vöruútflutningur jókst um 16,3% en þann vöxt má að töluverðu leyti rekja til mikils útflutnings á skipum og flugvélum. Aukningin verður þó einnig rakinn til aukins útflutnings á sjávarafurðum. Þar kemur bæði til aukning í útflutningi loðnuafurða, vegna fyrstu loðnuveiða síðan 2018, en einnig aukinn útflutningur á botnfiskafurðum.

Fjármunamyndun og framlag undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinnuvegafjárfesting og framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild
Heimild: Hagstofa Íslands

Vöxtur útflutnings og framlag undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands



Afram dregur úr samdrætti innflutnings

Innflutningur jókst um 32,8% og er það í fyrsta sinn síðan á fyrsta fjórðungi 2018 að innflutningur eykst á 12 mánaða grundvelli. Aukningin skýrist af megninu til af vöruinnflutningi en framlag hans til heildarvaxtar innflutnings var 26,4% á móti 6,2% framlagi þjónustuinnflutnings. Vöruinnflutningur jókst um 37% milli ára. Innflutningur neysluvara jókst um rúman þriðjung milli ára. Þar af jókst innflutningur fólksbíla um 57% milli ára og innflutningur annarra neysluvara um 24,9% milli ára. Innflutningur varanlegra, hálfvaranlegra og óvaranlegra neysluvara jókst á bilinu 27-36%. Innflutningur þjónustu jókst um 22,1% milli ára. Þá aukningu má að miklu leyti rekja til aukinna utanlandsferða Íslendinga. Brottfarir Íslendinga frá Leifsstöð námu 20,9 þúsund á öðrum fjórðungi borið saman við 6,5 þúsund á sama fjórðungi í fyrra, sem er ríflega þreföldun milli ára.


Vöxtur innflutnings og framlag undirliða



Einnig mikill hagvöxtur á öðrum fjórðungi í flestum viðskiptalöndunum

Eftir samdrátt í flestum viðskiptalöndum okkar á fyrsta fjórðungi borið saman við sama tímabil árið áður var töluvert mikill hagvöxtur hjá þeim á öðrum fjórðungi. Fyrir Ísland, rétt eins og flest þessara landa, var þetta fyrsti vöxtur landsframleiðslu á ársgrundvelli síðan á fjórða ársfjórðungi 2019. Þetta er nokkuð skýr vísbending um að viðskiptalöndin séu á leið upp úr þeim öldudal sem faraldurinn olli. Landsframleiðsla þeirra var þó í flestum tilfellum minni nú á öðrum fjórðungi en á sama fjórðungi 2019. Löndin eru því ekki komin aftur á það stig sem gilti fyrir faraldur. Hér á landi var landsframleiðslan 4% minni en á öðrum fjórðungi 2019. Mest jókst landsframleiðslan í Bretlandi en þar mældist rúmlega 22% hagvöxtur á fjórðungnum. Aukningin var líka mjög mikil á Spáni, Frakklandi og Ítalíu en þar jókst landsframleiðsla á bilinu 17-20%. Vöxturinn í Bandaríkjunum var einnig tveggja stafa tala, eða 12,2%. Af viðskiptalöndunum var minnsti vöxturinn í Finnlandi og Noregi, 7,2%.

Hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi 2021



Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.